110 **Reikningar**

sjóða, sem standa undir stjórn landshöfðingja.

Styrktarsjóður þeirra, er bíða tjón af jarðeldi, árið 1882.

Tekjur.

			Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar frá f. á. (Stjórnartíð. B. 1882 bls. 76):			
	a. Innritunarskírteini	16500 kr. » a.		
	b. Konungleg skuldabrjef	5600 — » -		
	c. Í sparisjóðnum í Reykjavík	176 — 36 -	22276	36
2.	Vextir:			
	a. Af innritunarskírteini fyrir eitt ár til 11. júní 1882	660 kr. » a.		
	b. Af kgl. skuldabrjefum $^{11}/_{6}$ og $^{11}/_{12}$ 1882 . . .	224 — » -		
	c. Af sparisjóðsbók	2 — 88 -	886	88
		Samtals	23163	24.

Gjöld.

		Kr.	A.
Eptirstöðvar:			
a.	Innritunarskírteini	16500	»
b.	Konungleg skuldabrjef	5600	»
c.	Í sparisjóðnum í Reykjavík	1063	24
	Samtals	23163	24.

Gjafasjóður Hannesar prestaskólakennara Árnasonar árið 1882.

Tekjur.

			Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar frá f. á. (Stjórnartíð B. 1882 bls. 76):			
	a. Konungleg skuldabrjef	31000 kr. » a.		
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	139 — 52 -	31139	52
2.	Vextir:			
	a. Af konunglegum skuldabrjefum $^{11}/_{6}$ og $^{11}/_{12}$ 1882	1240 kr. » a.		
	b. Af peningum í sparisjóði	4 — 74 -	1244	74
		Samtals	32384	26.

Gjöld.

		Kr.	A.
1.	Líffje til Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans $^{11}/_{6}$ 82200 kr., $^{11}/_{12}$82 200 kr.	400	»
2.	Eptirstöðvar:		
	a. Konungleg skuldabrjef . . . . . 31000 kr. » a.		
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . . 984 — 26 -	31984	26
	Samtals	32384	26.

Styrktarsjóður Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1882 til 31. ágúst 1883.

Tekjur.

			Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar eptir síðasta reikningi (Stjórnartíð. B. 1882 bls. 188):			
	a. Innskriptarskírteini og konunglegt skuldabrjef	8600 kr. » a.		
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	83 — 84 -	8683	84
2.	Vextir til 11. júní af innskriptarskírteini og skuldabrjefi		344	»
		Samtals	9027	84.

Gjöld.		Kr. A.
1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Einari alþingismanni Ásmundssyni í Nesi	200 kr.	
b. Jóni Halldórssyni á Laugabóli	120 —	320 »
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1883:		
a. Innskriptarskírteini og konungl. skuldabrjef . .	8600 kr. » a.	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	83 — 84 -	
c. Í peningum	24 — »-	8707 84
	Samtals	9027 84.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. okt. 1883.

Bergur Thorberg,
settur.

Jón Jensson,
settur.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **um skyldu hreppstjóra, til að styðja að jarðabótum m. m. í hreppnum.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá P. F. Eggerz í Akureyjum, þarsem hann ber sig upp undan því, að hreppstjórinn í Skarðsstrandarhreppi hafi í hreppaskilaseðli brýnt fyrir hreppsbúum, að þeim, samkvæmt tilsk. 13. maí 1776 og 30. gr. hreppstjórareglugjörðarinnar, beri að gjöra nokkrar nákvæmar tilteknar jarðabætur, svo sem að hlaða tveggja álna háa garða um bæi og tún, sljetta í þýfðum túnum 6 ferhyrningsfaðma árlega fyrir hvern búanda, og eins fyrir hvern vinnufæran karlmann, sem hann hefur til verknaðar, m. m. Umkvörtun þessa hafði nefndur Eggerz borið upp fyrir sýslumanninum í Dalasýslu og jafnframt gjört fyrirspurn um það, hvort sjer og öðrum hreppsbúum bæri að hlýðnast þessari skipun hreppstjórans, en sýslumaðurinn hafði svarað fyrirspurninni á þann hátt, að hreppstjórinn að vísu hafi breytt samkvæmt embættisskyldu sinni, með því að gjöra hina umræddu fyrirskipun, þarsem þetta væri boðið í hreppstjórareglugjörðinni, en með því að tilskipun 13. maí 1776 sje úr lögum numin með opnu brjefi 9. marz 1836, muni 30. gr. hreppstjórareglugjörðarinnar ekki geta lagt bændum hinar þar áminnstu skyldur á herðar, þannig að þeir, sem óhlýðnast, verði dæmdir til sekta eða annara fjárútláta. 111 29. okt.

Um leið og þjer, herra amtmaður, hafið tjáð yður vera samdóma þeirri skoðun, er hlutaðeigandi sýslumaður þannig hefur látið í ljósi um þetta málefni, hafið þjer beiðst úrskurðar míns um það, hvort hið opinbera eigi að ganga eptir því, að fyrirmælum ofannefndrar greinar í hreppstjórareglugjörðinni sje hlýtt, en ef það álitist ótiltækilegt, hafið þjer skotið því til mín, hvort ekki sje ástæða til að breyta þessari grein í reglugjörðinni, til þess að fyrirbyggja kærur og málshöfðanir, sem að yðar ætlun mundu verða árangurslausar.

Í tilefni af þessu læt jeg ekki hjá líða hjermeð þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að jeg að vísu er á sama máli og þjer um það, að ekki sje ástæða fyrir hið opinbera að leitast við, að koma fram ábyrgð á hendur þeim bændum, er ekki eptir áskorun hreppstjóra framkvæma jarðabætur þær, sem um er rætt í tilsk. 13. maí 1776, og að hreppstjórum eða sýslumönnum þess vegna ekki beri að gjöra neinar ráðstafanir í þessa stefnu, en á hinn bóginn má það álítast æskilegt að hreppstjórarnir, eins og lagt